Fornleifaskráning á Grjóthálsi í Borgarbyggð

Deiliskráning vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs

Ritstjóri: Kristjana Vilhjálmsdóttir

Höfundar efnis: Brynja Árnadóttir, Gylfi Helgason, Kristborg Þórsdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Orri Vésteinsson & Stefán Ólafsson.

Reykjavík 2024
FS976-23411

Fornleifastofnun Íslands ses

Forsíðumynd sýnir vörðu MH-056:047 í fjarska.
Myndina tók Stefán Ólafsson.

©2024
Fornleifastofnun Íslands
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs á Grjóthálsi í Borgarbyggð, í landi Hafþórsstaða og Sigmundarstaða. Skráningin var unnin að beiðni Prime Green Energy Holding Iceland ehf. Deiliskráningarsvæðið sem tekið var út var samanlagt um 125 ha og var það gengið skipulega við úttektina. Vettvangsvinna fór fram í október 2023. Skráðar voru 12 fornleifar á jafnmörgum minjastöðum á úttektarsvæðinu og voru 11 metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en ein í hættu. Lagt var mat á minjagildi fornleifanna og settar fram tillögur um mótvægisaðgerðir. Flestar skráðar fornleifar töldust hafa nokkuð gildi en ein var talin hafa lítið gildi.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, vindmyllur, Grjóthals, Hafþórsstaðir, Sigmundarstaðir, Borgarbyggð, Fornleifastofnun Íslands

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out in October 2023 on Grjóthals in Borgarbyggð, within the farms Hafþórsstaðir and Sigmundarstaðir. The survey was comissioned by Prime Green Energy Holding Iceland ehf in relation to a proposed wind farm in the area. The survey was carried out within the limits of a detailed planning proposal, which covered a 125 ha area. In all 12 archaeological sites were surveyed at as many locations. Eleven sites were considered to be at high risk and one at some risk due to the proposed projects. The heritage value of the archaeology was evaluated and countervailing procedures were proposed. Most sites surveyed were considered to have some value except for one which was considered to have little value.

Keywords: Archaeology, detailed survey, wind mills, Grjóthals, Hafþórsstaðir, Sigmundarstaðir, Borgarbyggð, Institute of Archaeology in Iceland

Efnisyfirlit

I. Inngangur 1
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 3
III. Aðferðir við fornleifaskráningu 5
IV. Fornleifaskrá 7
MH-028 Sigmundarstaðir 7
MH-056 Hafþórsstaðir 10
MH-621 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Þverárhlíðarhreppi 16
MH-631 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Norðurárdalshreppi 17
V. Niðurstöður og umræða 19
VI.I Hættumat 20
VI.II Forsendur fyrir mati á gildi minja og tillögum að mótvægisaðgerðum 21
VI.III Áhrif framkvæmda á fornleifar 24
Heimildir 27
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 29
Viðauki II: Minjakort 31

I. Inngangur

Í október 2023 tók Fornleifastofnun Íslands að sér fornleifaskráningu á Grjóthálsi í Borgarbyggð, í landi Hafþórsstaða í Norðurárdal og Sigmundarstaða í Þverárhlíð. Verkefnið var unnið að beiðni Prime Green Energy Holding Iceland ehf en fyrirhugað er að reisa vindorkugarð á svæðinu. Fornleifastofnun Íslands bjó að heimildaskráningu á jörðunum báðum, sem og nýlegum vettvangsgögnum fyrir hluta svæðisins og var stuðst við þau gögn eftir þörfum.



Staðsetning úttektarsvæðis á Grjóthálsi innan merkja Hafþórsstaða og Sigmundarstaða. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf.
Á innfeldu korti er staðsetning úttektarsvæðisins sýnd á Íslandskorti.

Úttektarsvæðið var um 125 ha að stærð og var gengið skipulega um svæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Alls voru skráðar tólf fornleifar á jafnmörgum minjastöðum á úttektarsvæðinu. Um vettvangsvinnu sáu Brynja Árnadóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Stefán Ólafsson. Kristjana sá um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaská ISN93 og minjakort).

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, […] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna

> völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðn-um eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SÞ, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingarnúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001_01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,

hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um…“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Allir minjastaðir innan úttektarsvæðis töldust í stórhættu vegna framkvæmda. Á það jafnt við minjar sem enn sjást á yfirborði og þær sem aðeins heimildir eru um þar sem líkur eru taldar á því að þær séu enn að hluta til varðveittar undir sverði.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.



Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

IV. Fornleifaskrá

MH-028 Sigmundarstaðir

16 hdr. 1708. Bændaeign. JÁM, IV, 284.

Jarðarinnar er getið á skrá og reikningsskap eigna Guðna Jónssonar frá 1504: „...ij kvi(lldi) hia arna a sigmundarstodum.“ DI VII, 743.

Tún 1917: 4.5 ha., 2/5 sléttur. Garðar 195 m^2.

„Skógur til kolagjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga viðsæmandi. Lax og silúngsveiðivon lítil. Engjunum spilla leysingavötn af melum.“ JÁM, IV, 285.

„Sigmundarstaðaland er ofan vegar kjarri vaxið mað valllendis brekkum og holtum á milli, en suðvestur af bænum er undirlendi, sem nú hefur verið nær allt ræktað og er samfellt og þægilegt tún. Dálítil hlunnindi eru af laxveiði í Litlu-Þverá. Á jörðinni er nú aðallega suðfjarbúskapur, einnig nokkurt hænsnabú og kýr til heimilisnota“ BB III, 69.

MH-028:028 gata leið 386738 478942

Götur liggja eftir Grjóthálsi, all nærri landamerkjagirðingu Hafþórsstaða MH-056 og Sigmundarstaða, suðaustan við Hrafnabjörg. Þær liggja frá suðvestri til norðausturs.

Göturnar liggja um leitótt klapparholt og deiglendan móa.

Göturnar eru á bilinu 2-4 og hlykkjast nokkuð. Þær liggja stundum nokkuð þétt saman en dreifa síðan vel úr sér og eru þar á 2-6m breiðu belti. Þær virðast hafa sömu stefnu og Grjóthals. Þegar skráningin var gerð þekktust engar heimildir fyrir leið á þessum slóðum en þar sem skilarétt var við Fiskivatn má vera að göturnar hafi myndast í tengslum við hana. Göturnar eru grónar í botninn en eru enn frekar greinilegar. Þær voru raktar á um 160m löngum kafla og er hver gata er um 30cm á breidd og 10cm á dýpt.

Götur 028, horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-028:030 tóft heystæði 386794 478904

Heystæðistóft er norðvestan við Efri-Gilbrekkur, um 1,6 km norðvestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1978) og rúmum 70 m suðaustan við leið 028.

Tóftin er í litlum og votlendum hvammi. Gróður er nokkur, mest mosi. Hálfgrónir melar afmarka hvamminn og rétt sunnan við tóftina er þurr lækjarfarvegur.



Tóft 030, horft til suðausturs á ljósmynd.

Tóftin er einföld, 7 x 3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru hæstir á norðurhlið, 0,5 m á hæð, en nær útflattir í suðausturhorni tóftarinnar. Þar er vegghæð aðeins 0,1-0,2 m. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir en ekki sér í umför í hleðslum vegna gróðurs. Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Stutt er í slægjur í sundi neðan og austan við tóftina sem styrkir þá tilgátu að þetta sé heystæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-028:034 tóft heystæði 388127 479406

Lítil, einföld tóft er við lækjarsprænu í Gljúfradal, um 1,7 km norður af bæ 001.

Umhverfis er flatt, grasi gróið svæði í litlum dal eða hvammi. Lækur rennur um dalinn og fast austan og suðaustan við tóftina. Stafar tóftinni hætta af landbroti af þeim sökum.



Tóft 034, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er sporöskjulaga með op í austur-horni. Hún er mjög sigin og hlaupin í þúfur en innamál er þó skýrt. Utanmál tóftarinnar er um 5 x 4 m og snýr hún norðaustur-suðvestur. Hæð veggja er mjög misjöfn, lægst norðaustast þar sem hún er um 0,3 m. Tóftin er hæst að suðvestanverðu og er þar um 0.6 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gengt en stærð, lögun og staðsetning bendir helst til þess að um heystæði sé að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-056 Hafþórsstaðir

16 hdr. 1708. Bændaeign. Fyrst getið í jarðabókum frá lokum 17. aldar. „Hjer hefur að fornu bænhús verið, en ekki tíðir veittar í manna minni“. JÁM IV, 297.

„Áður fyrr áttu Hafþórsstaðir engjastykki, Tunguengi, sem er norðan Deseyjarkvíslar, en það var selt og tilheyrir nú Hreimsstöðum. Sanddalstunga er nýtt frá Hafþórsstöðum. … Hafþórsstaðir eiga upprekstur á Hellistungur.“ BB III, 94.

Tún 1917: 3,8 ha, 1/6 þýft. Garðar 240 m^2.

1708: „Kvaðir öngvar. Geldfjárrekstur ut Skarðshamar. Torfrista og stúnga er lök. Engi er árliga tilkeypt v aura leigu, það er afdeilt pláts fyrir vestan Norðurá, fylgir öngri jörðu, og helmingur þess pláts, sem kallast Túnguengi. Eldivið allan þarf að kaupa. Vatnsból bregst um vetur og er þá meinerfitt.“ JÁM IV, 297.

„Undirlendi er lítið, mestmegnis melar og móar með graslautum hér og þar. Nokkrar valllendisfitjar eru við Norðurá. Talsvert af þessu landi hefur nú verið ræktað, annars eru möguleikar til túnræktunar fremur litlir. Allstórt land eiga Hafþórsstaðir a Grjóthálsi. Er landslag þar mestmegnis valllendisbrekkur og mýrasund milli klettastalla.“ BB III, 297.

MH-056:013 Götás vegur leið 386803 479906

„Norðvestan við Háhlíðardal er klapparás, er heitir Götás. Þar lá vegurinn áður fyrri, og liggur enn, þó nú sé hann ekki mikið farinn,“ segir í örnefnalýsingu. Gamla leiðin yfir Grjóthals lá sunnan við Bæjarlækinn á móts við bæinn ofan í Bæjargilinu en síðan yfir lækinn ofan við fossinn neðan við Norðlingabrekku. Þaðan lá leiðin vestanmegin í gilinu upp undir Prestavörðu 014 og er þar ofan við komin upp á Götás. Þar liggur hún undir núverandi veg og liggur samsíða honum á kafla, meðfram suðausturbrún ássins, 10-20 m frá veginum. Þar eru vörðubrot á 2-3 stöðum en síðan hverfur leiðin alveg undir malarveginn.

„Háhlíðardalur er kenndur við bröttu skriðurnar og hlíðina framan í Sandinum (Hafþórsstaðasandi), austan við Bæjargilið. En það á upptök sín úr Kötlunum og vestan úr Pokatjarnarhæðum. Gilið skiptir Háhlíðardalnum í tvennt. Fyrir vestan gilið eru Sundin, Götuásinn og Alviðra. Háhlíðardalurinn er nokkurn veginn um miðjan hálsinn á Hafþórsstöðum. Forarsundið í ofanverðum Háhlíðardalnum, sem er meðfram Götuásnum og er ofan við hann, hefur verið nefnt Torfmýrardalur, en það kemur ekki fram í skránni, svo ég veit ekki hvort þeir sem það sögðu okkur, hafa haft rétt fyrir sig í því.“ segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofunar og ennfremur í sama skjali: „Síðan lá hún ofan í gilið og yfir það. Þá var komið á hina götuna sem lá yfir Grjóthals. Hún lá áfram upp með gilinu að austan að Norðlingabrekku en þar yfir gilið vestur fyrir og upp með því þar fast

með gilbrúninni og sumsstaðar ofan í því og síðan upp stallann upp á Götuás hjá Prestavörðu og út Götuásinn að austan með Pokatjarnarhæðum og yfir hrygg fyrir vestan Alviðru og ofan í Töfludalinn austanverðan. En þegar vegur var lagður yfir Grjótháls, sem var í kringum síðustu aldamót, var hann lagður frá Götuás austur fyrir Gilin og meðfram bröttu hlíðinni á Sandinum niður Krókalágar. Þar út við á og farið yfir ána á svo kölluðu Sandhólavaði. En áður fór gatan niður með gili að vestan, og síðan austur fyrir móts við Norðlingabrekku." Í Bæjargili sést leiðin sumsstaðar sem einföld reiðgata en annarsstaðar er hún greinilegur ruddur vegur um 2 m breiður. Á köflum hefur grjóti erið rutt úr og raðað meðfram, á öðrum eru sneiðingar og jafnvel hlaðið undir (eða hefur þjappast niður svo stallar hafa myndast) en hvergi eru slík ummerki samfelld á löngu bili. Neðan við Prestavörðu hverfur gatan alveg í mýri og þó sjá megi hvar hún hefur legið eftir Götási eru þar hvergi skýr mannaverk fyrir utan vörðubrot á 2 eða 3 stöðum. Þau þurfa ekki að vera gömul og gætu tengst núverandi vegi sem er samhliða gömlu götunni á sama méli. Á Herforingjaráðskorti frá 1913 er Grjóthálsvegur sýndur á sama stað og hann er nú og er þessi leið því eldri.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hafþórsstaðir, 3; Ö-Hafþórsstaðir svör, 9, 21-22.

MH-056:020 Torfmýrardalur örnefni rista 386803 479850

Torfmýrardalur 020, horft til suðvesturs.

„Forarsundið í ofanverðum Háhlíðardalnum, sem er meðfram Götuásnum [sjá 013] og er ofan við hann, hefur verið nefnt Torfmýrardalur, en það kemur ekki fram í skránni, svo ég veit ekki hvort þeir sem það sögðu okkur, hafa haft rétt fyrir sig í því. [...] Nú upp í Torfmýrardal sem er efst upp í Háhlíðardal mun hafa verið tekið torf eftir nafninu að dæma. [...] Í skránni segir að mýrasundið sem er fyrir norðan Alviðru og liggur með Götuásnum norðvestanverðum heiti Háhlíðardalur, en eitt af þeim fyrstu örnefnum sem við heyrðum var að þetta sund heiti Torfmýrardalur og bæði Þverhlíðingar og fleiri töluðu um það en Þórður Hákonarson minnist ekki á það," segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Torfmýrardalur er slétt mýri í dæld ofan og suðaustan við Götás, um 250 m löng frá norðaustri til suðvesturs og um 100 m breið.

Í Torfmýrardal er blaut og slétt mýri, afmörkuð að norðvestan með standklettum í Götási. Engin ummerki um torfristu sjást.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hafþórsstaðir viðb, 9, 12, 18

MH-056:047 varða landamerki 387904 480432

Varða 047, horft til norðvesturs.

Landamerki Hóls MH-055 1922: „Að austanverðu á milli Hóls og Hafþórsstaða, úr áðurnefndri vörðu á Grenborg í vörðu norðan á sandinum, úr þeirri vörðu í fossinn í læknum sem rennur í Norðurá framan til við fremsta Sandhólinn við Norðurá.“ Varðan á sandinum er líklega sú mest áberandi af þessum kennileitum, á hjalla norðan undir á Grenborg, um 1,8 km frá vörðunni 045 og 1,1 km norðaustan við 046. Hún er 15 m vestan við landamerkjagirðinguna á móti Hóli og 325 m norðan við 049, hornmarkið á móti Lundi og Sigmundarstöðum. Vörðuna ber hátt og hún sést vel af stóru svæði á ofanverðum hálsinum og raunar mun víðar.

Á mosavöxnu klapparholti, sem er sjálft ekki mjög áberandi en það er klattahjallinn ofan við hinsvegar.

Varðan stendur vel, 1,4 m há, 9 umför af misstóru grjóti, um 1,5 m í þvermál, skófum vaxin og greinilega ekki ný. Smávegis hrun er í kring og gæti hafa verið gert við hana í seinni tíð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 66-67

MH-056:054 varða óþekkt 386622 479741

Unglegt vörðubrot er um 5 m suðvestan við Grjóthálsveg, um 1,48 m suður af bæ 001.

Grjóthálsvegur liggur yfir hálfmosagróin klappar- og klettaása. Grasmói og mýrarsund eru milli ásanna.

Vörðubrotið er um 25 cm á hæð og 30 cm í þvermál. Í vörðunni eru þrjú umför af grjóti. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Varða 054, horft til NNA.

MH-056:055 hleðsla óþekkt 387736 480627

Hleðsla sem mögulega gæti verið leifar af smalabyrgi er uppi á Grjóthálsi rúmlega 1,1 km suðaustan við bæjarhól 001, um 270 m aust-norðaustan við tóft 056 og um 260 m norð-norðvestan við vörðu 047.

Hleðslan er syðst á klettarana sem liggur frá norðaustri til suðvesturs.

Hleðslan er mjög sigin en er um 150 cm löng og um 90 cm á breidd. Hún snýr norðvestur-suðaustur og nær norðvesturendi hennar alveg út að klettabrún. Hleðsluhæð hennar um 50 cm og má telja um 3 umför í ytra byrði hleðslunnar. Ytra byrði hennar virðist hlaðið úr meðal-stóru grjóti en innan þess er mun smærra grjót sem virðist vera fylling.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Hleðsla 055, horft til NNA á ljósmynd.

MH-056:058 varða óþekkt 387336 480346

Varða 058, horft til suðurs.

Varða er á Grjóthálsi tæpum 1 km suðaustan við bæjarhól 001, um 160 m sunnan við vörðu 057 og tæplega 600 m vestan við vörðu 047.

Varðan er efst og vestarlega á stóru og svo til kringlóttu klettaholti.

Varðan er svo til alveg fallin og það fyrir löngu því ekkert hrun er hjá henni. Mun það hafa borist frá henni fyrir löngu niður bratta norðvesturhlíðina. Hún er 30-40 cm á hæð og tæplega 1 m í þvermál. Hún er hlaðin úr stóru flötu grjóti og er einungis 1 - 2 umför eftir. Vel sést frá þessari vörðu að landamerkjavörðu 047 og vörðu 057. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en tvö möguleg smalabyrgi 056 og 055 eru um 240 m og 490 m til norðausturs og er mögulegt að varðan hafi verið hlaðin af smala.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-056:059 varða samgöngubót 386411 479173

Varða 059, horft til VNV.

Varða er ofan á lágum kletti um 5 m vestan við núverandi Grjóthálsveg, um 2,06 km SSV af bæ 001. Varðan er um 140 m NNA af vörðum 043 og 044. Líklegt er að varðan hafi verið hlaðin í tengslum við gömlu leiðina yfir hálsinn MH-631:004.

Á Grjóthálsi skiptast á hálf mosa- og lynggróin klettaholt og deig mýrarsund. Núverandi Grjóthálsvegur er malarvegur sem liggur yfir holtin.

Varðan er um 1,5 x 1 m að grunnfleti og um 50 cm á hæð. Í vörðunni eru 4-5 umför af grjóti og gæti hún verið gömul í grunninn en hún er gróin í botni og eru neðstu steinar nokkuð skófum vaxnir. Það hefur þó líklega verið bætt við hana á seinni tímum en grjóti í efri helmingi hennar er meira hrúgað upp en hlaðið og lítt skófum vaxið. Grjótið í efri

helmingnum er jafnframt töluvert minna, um 10-20 cm í þvermál en um 20-30 cm í neðri hlutanum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-621 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Þverárhlíðarhreppi

MH-621:003_01 gata leið 386593 478585

Í Sýslu- og sóknarlýsingu Mýra-og Borgarfjarðarsýslna frá 1840 segir: „Alfaravegur úr Norðurárdal suður yfir Grjótháls er í suður hjá Hafþórstöðum [MH-056] og liggur hann ofan að Sigmundarstöðum [MH-028] eða Grjóti [MH-029, sjá leið 002] í Þverárhlíð. Er háls sá grýttur, þó árlega ruddur, en spillist af leysinga- og rigningavatni sem grefur upp göturnar," segir í sýslu- og sóknalýsingu. Leiðin er merkt á herforingjaráðskort 35 NV/SV frá 1913 og liggur frá leið MH-631:006 norðaustan við Hafþórsstaði í Norðurárdalshreppi í suður að Sigmundarstöðum. Gatan liggur yfir hreppamörk og er einnig skráð á MH-631:004 í Norðurárdalshreppi.

Leiðin var skoðuð í landi Sigmundarstaða haustin 2021-2023 og voru tvær vörður voru skráðar við hana (003_02-03) á þeim kafla.

Á svæðinu eru grýtt melholt og lágir klettar, víða með deigum mýrarsundum á milli. Malarslóði, Grjótsvegur (5233), liggur vestan við leiðina, u.þ.b. í sömu stefnu og leiðin en fylgir síðan leið 002 til suðausturs.

Leiðin var mæld upp á tveimur svæðum, annars vegar 50 m norðaustan við Grjóthálssveg nærri merkjum á milli Sigmundarstaða og Hafþórsstaða og hins vegar frá Dýjadalslæk að Efri-Gilbrekkum. Á fyrrnefnda svæðinu, við Grjóthálsveg, var hægt að rekja hana á ríflega 300 m kafla en þó voru stuttar eyður inn á milli þar sem götur sáust ekki. Á nyrðri kafla leiðarinnar sjást um 8-10 samhliða götur á 16 m breiðu svæði en sunnar dreifist leiðin minna og sjást þar 1-5 götur á mest um 7 m breiðu svæði. Þar sem aðeins sést ein gata er hún um 1,5-2 m á breidd en annars er um mjóa götutroðninga að ræða. Á síðarnefnda svæðinu, við Dýjadalslæk, sást víðast aðeins ein, ógróin gata sem er 0,2-0,5 m á breidd. Á milli þeirra svæða sem leiðin var mæld upp er hægt að rekja hana á loftmynd.

Leið 003_01, horft til norðvesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

MH-631 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Norðurárdalshreppi.

MH-631:004 vegur leið 386456 479014

Í Sýslu- og sóknalýsingum Mýra- og Borgarfjarðarsýslna frá 1840 segir: „Alfaravegur úr Norðurárdal suður yfir Grjótháls er í suður hjá Hafþórstöðum [MH-056] og liggur hann ofan að Sigmundarstöðum [MH-028 sjá leið MH-621:003] eða Grjóti [MH-029, sjá leið MH-621:002] í Þverárhlíð. Er háls sá grýttur, þó árlega ruddur, en spillist af leysinga- og rigningavatni sem grefur upp göturnar."

„Vegurinn yfir Grjótháls var á þjóðbrautinni sunnan af landi, a.m.k. Að sumarlagi, og lá áfram suður um Norðtungu að Langholtsvaði á Hvítá. Af þeirri leið fóru hjá Norðtungu þeir, sem komu sunnan að og ætluðu vestur í Dali, vestur hjá Arnbjargarlæk og yfir Glitstaðaháls og Norðurá á vöðum að Dalsmynni," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2004. Gata, merkt á herforingjaráðskort 35 NV frá 1913, liggur frá leið 006 norðaustan við Hafþórsstaði í suður að Sigmundarstöðum og Grjóti í Þverárhlíð. Hún liggur að miklu leyti á sama stað og leið MH-056:013 á Götási í landi Hafþórsstaða. Grjótsvegur (5233) liggur yfir Grjótháls á sama eða svipuðum stað og eldri leið lá áður. Lítill hluti leiðarinnar var skráður 2021 og 2023.

Leiðin liggur yfir allháan háls sem skilur á milli Þverárhlíðar og Norðurárdals. Á hálsinum skiptast á hálf mosa- og lynggróin klapparholt og mýrarsund.

Lítil ummerki sáust á vettvangi um eldri leið og má ætla að þau hafi að mestu horfið við seinni tíma vegagerð. Þó sést eldri útgáfa af upphlöðnum vegi liggja yfir mýrarsund norðvestan við

Vegur 004, horft til suðurs.

Litla-Hróðnýjarvatn á um 210 m löngum kafla. Vegurinn liggur út frá Grjóthálsvegi til SSV þar sem núverandi vegur krækir austur fyrir mýrlendið og sameinast gamli vegurinn hinum nýrri síðan aftur sunnan við mýrina. Vegurinn er torfhlaðinn, víðast um 6 m á breidd en breikkar lítillega nærri suðurenda og er þar um 7 m á breidd. Vegurinn er um 1,2 m á hæð við nyrðri enda en lækkar síðan í mýrinni og er lægstur ca 20-30 cm um miðbikið. Hann hækkar síðan aftur áður en hann sameinast malarveginum aftur. Gamli vegurinn er grasi gróinn en rof er í hliðum á stöku stað.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SSMB, 53; Herforingjaráðskort 35 NV, Herforingjaráðskort 35 SV; ÁFÍ 2004, 245

V. Niðurstöður og umræða

Alls voru skráðar 12 fornleifar innan og við úttektarsvæðið. Minjunum má skipta í nokkra flokka til að draga fram helstu einkenni þeirra. Af þeim fornleifum sem höfðu þekkt hlutverk töldust flestar til samgönguminja, fjórar leiðir og ein varða við leið. Einnig voru skráðar minjar sem flokka má til minja í úthögum: tvær heytóftir og ein hleðsla sem mögulega er smalakofi. Að auki var skráður einn nytjastaður, þ.e. örnefni sem bendir til torfristu, og ein landamerkjavarða.



Skipting minja innan úttektarsvæðis í lýsandi flokka.

Ummerki sáust um langflestar fornleifanna, eða 11 af 12 skráðum minjum. Yfirlit um skráðar fornleifar má sjá í töflu 1.

Tafla 1: Skráðar fornleifar og ástand þeirra.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
MH-028:028		gata	leið	sést til
MH-028:030		tóft	heystæði	hleðslur signar
MH-028:034		tóft	heystæði	hleðslur signar
MH-056:013	Götás	vegur	leið	sést til
MH-056:020	Torfmýrardalur	örnefni	rista	ekki sést til fornleifar
MH-056:047		varða	landamerki	hleðslur standa
MH-056:054		varða	óþekkt	hleðslur signar
MH-056:055		hleðsla	óþekkt	hleðslur signar
MH-056:058		varða	óþekkt	hleðslur útflattar

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
MH-056:059		varða	samgöngubót	hleðslur signar
MH-621:003_01		gata	leið	sést til
MH-631:004		vegur	leið	sést til



Skráðar fornleifar innan úttektarsvæðisins. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf.

VI.I Hættumat

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Ekki liggur fyrir áætlun um staðsetningu mannvirkja innan úttektarsvæðanna og eru allir minjastaðir innan svæðanna taldir í stórhættu þar til annað kemur í ljós. Þar sem minjastaðir eru innan við 15 m utan við úttektarsvæðið teljast þeir í hættu þar sem helgunarsvæði fornminja er 15 m út frá ystu mörkum þeirra.[1] Allar skráðar fornleifar nema ein töldust í stórhættu vegna framkvæmda. Leið MH-028:028 liggur um 12 m utan við úttektarsvæðið og var því metin í hættu vegna framkvæmda.

1 Ef um friðlýstar fornleifar er að ræða er helgunarsvæði stærra, eða 100 m. Engar friðlýstar minjar voru innan úttektarsvæðanna.

VI.II Forsendur fyrir mati á gildi minja og tillögum að mótvægisaðgerðum

Að beiðni verkkaupa verður hér á eftir lagt mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru innan úttektarsvæðisins og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvaða mótvægisaðgerða líklegt er að grípa þurfi til vegna sömu minja.

Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu. Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum minjum og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar.

Í laganna skilningi eru allar minjar, 100 ára og eldri, friðaðar. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum fornleifar. Allar fornleifar hafa því eitthvert gildi enda eru þær vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum minja.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi fornleifa eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisaðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands eru slíkir staðlar í þróun og byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum þar sem minjagildi fornleifa er skipt í fjóra flokka. Við mat á gildi fornleifa er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástands og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Lagt var upp með eftirfarandi flokkun:

a) Mjög mikið minjagildi: Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði (100 m í stað 15 m) og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu gjarnan í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa einstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.

b) Mikið minjagildi: Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.

c) Nokkurt minjagildi: Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.

d) Lítið minjagildi: Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa og njóta því ekki friðunar samkvæmt lögum.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða um hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisaðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í yfirvofandi hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisaðgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna fornleifanna. Hægt er að grípa til ýmissa mótvægisaðgerða vegna fornleifa sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og verða hér nefndar þær helstu sem gjarnan eru gerðar kröfur um:

Merking: Í mörgum tilfellum kann að verða nauðsynlegt að merkja minjastaði innan áhrifasvæðis svo að þeir verði ekki skemmdir af vangá. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki við umferð vinnuvéla o.þ.h.

Vöktun: Í sumum tilfellum kann að þurfa að vakta viðkvæm svæði á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum á svæðum þar sem ekki eru greinilegar yfirborðsminjar en talið er líklegt að minjar kunni að leynast undir sverði. Slíkt vöktun væri þá að lágmarki á meðan svörður væri rofinn. Á slíkum svæðum má búast við því að fornleifar komi í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til framkvæmdum og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar (eða staðsetning þeirra ekki það vel þekkt) að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.

Forkönnun: Rannsókn kann að þykja nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmda. Fyrsta stig slíkra rannsókna er gjarnan s.k. forkönnun, þ.e. gerð könnunarskurða og/eða taka borkjarnasýna. Eins er í sumum tilfellum gerð krafa um kerfisbundna töku könnunarskurða

(gjarnan 10%) á svæðum þar sem miklar líkur eru taldar á minjum neðan svarðar. Minjastofnun Íslands nýtir svo gjarnan niðurstöður forkönnunar til að ákvarða hvort frekari rannsókna er þörf. Góð dæmi um slík svæði eru heimatún og tún/svæði við gömul býli og sel.

Fornleifauppgröftur: Í þeim tilfellum sem ljóst er að minjastaður muni hverfa alveg og mikilvægar minjar eru taldar undir sverði er stundum gerð krafa um heildaruppgröft þótt algengara sé að slík krafa sé ekki gerð fyrr en á grundvelli niðurstaðna forkönnunar.

Þar sem ljóst þykir að ekki verði hjá því komist að raska fornminjum, fer það mjög eftir ástandi og eðli fornleifanna hvort líklegt er talið að gerðar verði kröfur um umfangsmeiri mótvægisaðgerðir og þá í hverju þær kunni að felast. Talið er ólíklegt að mótvægisaðgerða verði krafist þar sem öll yfirborðsummerki um fornleif eru horfin og ekki er von til þess að mannvistarleifar finnist undir sverði. Getur það átt við um götur, vörður, mógrafir, kolagrafir (og aðra námustaði). Í tilfellum þar sem fyrirséð er að framkvæmdir muni raska fornleifum á borð við tóftir og garðlög er líklegt að gerð verði krafa um að gera könnunarskurði í þau til þess að ákvarða aldur og eðli fornleifanna. Ríkari rannsóknarkrafa er almennt þar sem um bústaði er að ræða eða aðrar umfangsmiklar minjar en algengt er að fyrsta krafa á slíkum stöðum kveði einnig á um könnunarskurði sem þá ákvarða hvort frekari kröfur verði gerðar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæða þar sem talið er líklegt að óþekktar minjar leynist undir sverði má búast við að lögð verði til vöktun fornleifafræðings á framkvæmdatíma eða jafnvel mælst til að gerðir séu könnunarskurðir á hluta svæðis (gjarnan 10%). Á það m.a. við um svæði eins og gömul heimatún eða svæði næst gömlum býlum og seljum. Á grundvelli þeirra forsendna sem raktar eru hér að framan verður gerð grein fyrir mati á minjagildi minjastaða og tillögum að mótvægisaðgerðum fyrir minjar innan úttektarsvæðisins. Mat á gildi minjanna er byggt á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisáhrifa.[2] Mótvægisaðgerðir taka þó mið af eðli og minjagildi fornleifanna. Rétt er að minna á að hættumat og hugmyndir að mótvægisaðgerðum byggjast á fjarlægð minja frá fyrirhuguðum framkvæmdum. Ef þungamiðja framkvæmdanna yrði færð þyrfti að endurskoða hættumat minjastaða. Þegar endanleg hönnun mannvirkja liggur fyrir er það Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um áhrif framkvæmda á fornleifar og mögulegar mótvægisaðgerðir.

2 Skipulagsstofnun 2005.

VI.III Áhrif framkvæmda á fornleifar

Þar sem staðsetning fyrirhugaðra mannvirkja innan úttektasvæða liggur ekki fyrir er að svo stöddu hvorki hægt að leggja endanlegt mat á áhrif framkvæmdanna á fornleifar innan svæðanna, né meta hvort eða að hvaða marki framkvæmdir muni skerða fjölbreytileika minja innan svæðis, heildir innan þess eða upplýsingagildi minjanna.

Flestar skráðar fornminjar voru metnar svo að þær hefðu nokkurt minjagildi en ein, unglegt vörðubrot MH-056:054, taldist hafa lítið minjagildi. Minjar innan svæðisins eru ekki af mjög fjölbreyttum toga og teljast flestar þeirra til samgönguminja, en þó eru einnig innan svæðisins fornleifar sem teljast til úthagaminja, nytjastaða og landamerkja. Mest upplýsingagildi er líkast til fólgið í úthagaminjunum, og þá helst heystæðunum tveimur, MH-028:030 og MH-028:034, og þannig mest hætta á að það skerðist við framkvæmdir.

Verði tekið tillit til staðsetningar minja við hönnun á mannvirkjum innan úttektarsvæða ætti að mestu að vera hægt að komast hjá mikilli skerðingu á fjölbreytni minja, minjaheildum eða upplýsingagildi staða. Þar sem ekki verður komist hjá framkvæmdum á þeim stöðum sem minjar eru, eða í næsta nágrenni þeirra, er líklegt að Minjastofnun Íslands muni kveða á um mótvægisaðgerðir til að vega á móti raski. Í flestum tilvikum mun merking líklega teljast fullnægjandi, komi ekki til beins rasks á minjum. Ef ekki verður hjá því komist að raska minjum, einkum ef um er að ræða heytóftir MH-028:030 og MH-028:034 eða upphlaðinn veg MH-631:004, er líklegt að frekari mótvægisaðgerða verði krafist, í formi rannsókna s.s. könnunarskurða. Í töflu hér að neðan má sjá yfirlit skráðra fornleifa, minjagildi þeirra og hvaða kröfur um mótvægisaðgerðir séu líklegar.

Tafla 6: Skráðar fornleifar innan og við úttektarsvæði

Samtala	Tegund	Hlutverk	Minjagildi	Líklegar mótvægisaðgerðir	Skýring
MH-028:028	gata	leið	nokkurt	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
MH-028:030	tóft	heystæði	nokkurt	könnunarskurður	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
MH-028:034	tóft	heystæði	nokkurt	könnunarskurður	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
MH-056:013	vegur	leið	nokkurt	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
MH-056:020	örnefni	rista	nokkurt	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
MH-056:047	varða	landamerki	nokkurt	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir

Samtala	Tegund	Hlutverk	Minjagildi	Líklegar mótvægisaðgerðir	Skýring
MH-056:054	varða	óþekkt	lítið	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-056:055	hleðsla	óþekkt	nokkurt	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-056:058	varða	óþekkt	nokkurt	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-056:059	varða	samgöngubót	nokkurt	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
MH-621:003_01	gata	leið	nokkurt	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
MH-631:004	vegur	leið	nokkurt	könnunarskurður	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja

Heimildir

ÁFÍ 2004: Freysteinn Sigurðsson. 2004. *Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla.* Árbók Ferðafélags Íslands. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

BB III: Jakob Jónsson o.fl. 1989. *Byggðir Borgarfjarðar III: Mýrasýsla og Borgarnes.* Borgarnesi: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn & Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 1925 & 1927. IV. bindi. Borgarfjarðar- og Mýrasýslur. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Skipulagsstofnun. 2005. *Mat á umhverfisáhrifum. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.* Reykjavík: Skipulagsstofnun. Sótt af: https://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfisthatta_vidmid_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf.

SSMB: *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: sýslu- og sóknalýsingar.* 2005. Reykjavík: Sögufélag & Örnefnastofnun Íslands.

Óútgefnar heimildir

Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgjarfjarðarsýslur I. 1922-1923. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Herforingjaráðskort: Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915, gefin út af Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn. Sótt af http://islandskort.is/is/category/list/29.

Ö-Hafþórsstaðir: Örnefnaskrá Hafþórsstaða. Svavar Sigmundsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hafþórsstaðir svör: Örnefnaskrá Hafþórsstaða, svör við spurningum. 1983. Guðmundur Skúlason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hafþórsstaðir viðb.: Örnefnaskrá Hafþórsstaða, viðbætur. 1983. Guðmundur Skúlason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	X (A)	Y (N)
MH-028:028	386738	478942
MH-028:030	386794	478904
MH-028:034	388127	479406
MH-056:013	386803	479906
MH-056:020	386803	479850
MH-056:047	387904	480432
MH-056:054	386622	479741
MH-056:055	387736	480627
MH-056:058	387336	480346
MH-056:059	386411	479173
MH-621:003_01	386593	478585
MH-631:004	386456	479014

Viðauki II: Minjakort

Kort á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.


MH-056:055
MH-056:047
MH-056:058
MH-056:013
MH-056:020
MH-056:054
MH-028:034
MH-056:059
MH-631:004
MH-028:028
MH-028:030
MH-621:003_01
0
0,25
0,5
0,75
1 km